

Geoffrey Hendricks

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Á Kjarvalsstöðum byrjar nýtt sýningarár af krafti með þremur ólíkum sýningum, sem allar ættu að vekja athygli; tímamótasýningu Magnúsar Kjartanssonar, hljóðskúlptúr Finnþoga Péturssonar og loks yfirlitssýningu bandaríska listamannsins Geoffrey Hendricks, sem hefur hlotið nafnið „Dagur að nóttu“, en sú sýning er sameiginlegt framtak fimm listasafna á Norðurlöndunum og í Póllandi.

Áður en þessi umfangsmikla yfirlitssýning er skoðuð er rétt að reyna að átta sig nokkuð á listamanninum sjálfum. Geoffrey Hendricks er fæddur 1931 í New Hampshire-fylki, en afi hans var innflytjandi frá Noregi. Hann hóf listnáms á sjötta áratugnum og útskrifaðist með meistaraáráði í listasögu frá Columbia-háskólanum í New York, þar sem lokaritgerðin fjallaði um loftmyndir í kaþólskum kirkjum barokktímans. Hann tók að síður í New York-borg. Hann hefur unnið víða um heim að list sinni, en þó einkum í Þýskalandi, þar sem hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar auk þess sem hann er á samningi við Galerie Baecker í Köln.

Verk Hendricks hafa í kynningu sýningarinnar verið tengd við Fluxus-hreyfinguna, sem blómstraði um miðjan sjöunda áratuginn. Fyrir þremur árum var haldin á Kjarvalsstöðum (samhlíða sýningu

Yoko Ono) lítil en fróðleg sýning á ýmsum verkum Fluxus-hópsins og þar kom fram að frumkvöðull hreyfingarinnar, George Maciunas, tengdi heitið einkum við þrjár merkingar orðsins; hreinsun, flæði og samruna. Þannig skyldi hreyfingin gegna markvissu hlutverki í því umróti sem markaði listheiminn á þessum tíma.

Sýningin í vestursal Kjarvalsstaða ber þess glöggvitni, að þó að Geoffrey Hendricks hafi ekki verið í hópi upphafsmanna Fluxus hefur listsýn hans alla tíð fallið vel að markmiðum hreyfingarinnar. Himnamyndirnar, sem hann tók að mála 1965, geta borið með sér alla þá þrjá þætti sem Maciunas tengdi Fluxus-heitið við, en þetta myndefni Hendricks hefur allt til þessa dags ratað á ótrúlegu hluti, því að auk striga má finna á sýningunni himnamyndir á skyrtur, skótau, skóflur og sængurfatnað, svo fátt eitt sé nefnt; þannig renna hversdagsleg efni og enn hversdagslegra viðfangsefni saman og mynda eina listræna heild, sem kemur skemmtilega á óvart.


Það verður ekki skilið við himnamyndirnar án þess að nefna hvernig listamaðurinn notar þær á stundum sem dagbókarform — hann safnar í sarpinn tilbrigðum ljóss, lita og veðurskilyrða líkt og aðrir listamenn skrá hjá sér hugmyndir. Þannig getur himinninn í meðferð Hendricks orðið vettvangur eins konar hugleiðslu (eins og bent er á í sýningarskrá) sem hægt er að koma að aftur og aftur, en er aldrei samur og fyrr, fremur en maðurinn sjálfur. Engar

tvær himnamyndir eru eins og tilbrigðin endurspeglar ef til vill lunderni og líðan mannsins sjálfs, sem er stöðugum breytingum undirorpið.

Hendricks hefur í verkum sínum og lífi sýnt mikinn áhuga á helgisíðum, eðli þeirra og inntaki, og á hvern hátt þeir gripa inn í mannlegt líf við ýmis tækifæri. Hann hefur oft gegnt hlutverki eins konar síðameistara Fluxus-manna og sem slíkur skipulagði hann Fluxus-skilnað þegar hann og kona hans slitu samvistum 1971 og stjórnadi Fluxus-giftingu George Maciunas og Billie Hutching í febrúar 1978, nokkru áður en Maciunas lést úr krabbameini; giftingarvottorð o.fl. frá þeirri athöfn er á sýningunni sem vitnisburður um þessa helgun Fluxus-hreyfingarinnar. Slíkar afhafnir má vissulega líta á sem eins konar gjörninga hverju sinni og þar með þátt í þeirri list sem Hendricks fæst við.

Stigar af ýmsum gerðum eru áberandi þáttur sýningarinnar og tákngildi þeirra eru mikilvæg fyrir alla listsköpun Hendricks. Í sinni einföldustu mynd má líta á stigann sem farveg í lífinu; menn ganga upp hann eða niður — og eru að því loknu staddir á nýjum stað, í öðru umhverfi en áður. Þannig verður stiginn tákni umbreytinga í lífinu og í vissum þrepum kann að blasa við ný líffsýn — nýr himinn, eftir því sem tíminn flæðir fram.

Lífið einkennist hins vegar oft af áföllum sem valda snöggum umskiptum. Listamaðurinn hlutgerir áföll eins og slys, skilnaði og dauða með sterkum hætti þegar



Geoffrey Hendricks: „Himinn/fætur“; Buczak-minningarkassar. 1988.

hann einfaldlega sagar hlutina sundur að endilöngu; borð, stólar, stigar — hið eðlilega samhengi er rofið. Lífið heldur áfram þrátt fyrir slíkar hremmingar og því þarf að tjasla leifunum saman eftir því sem hægt er; sárabindi um öfugan stigann, bandspottar um snúna stóla — allt eru þetta merki um seiglu mannsins við að halda áfram að horfa fram á við þrátt fyrir kollsteypanar.

Listsköpun Geoffrey Hendricks er í vissum skilningi list persónulegrar fornleifafræði, þar sem hlutir sem hann tengir eigin lífi hafa mikla merkingu í mörgum verkanna; þetta atriði er enda nefnt í undirtitli sýningarinnar. Slík persónuleg saga kemur t.d. fram í flokki 15 minningarkassa um félagi listamannsins, Brian Buczak, sem dó 1987; í kössunum tínir Hendricks minningarnar saman og varðveitir fyrir seinni tíma, en býður gestum jafnframt að kynnast með sér.

Uppsetning þessarar stóru sýningar hefur tekist mjög vel, jafnvel svo að hinn erfði vestursalur Kjarvalsstaða hefur sjaldan notið

sín betur. Fjölbreyttir stigar í mismunandi hæð og óregluleg rýmis-mótun skilríma eiga sinn þátt í að tengja verkin ágætlega saman, þannig að það er létt yfir heildinni. Það er þyngra yfir verkunum á ganginum, enda erfiðara að nýta það rými vel.

Sýningunni fylgir vönduð sýningarskrá sem unnin hefur verið fyrir tilstilli safnanna fimm, sem koma að sýningunni. Í henni er að finna fróðlegar greinar um listamanninn og víðtal við hann, auk upplýsinga um feril hans og fjölda ágættra mynda. Þetta er eins og vera ber um sýningu af þessari stærð.

Hins vegar ber verra við og er í raun forkastanlegt við jafn ágæta sýningu í opinberu safni, að hún ber þess engin merki að vera haldin á Íslandi. Merkingar verka eru ýmist á ensku, dönsku eða þýsku og í sýningarskrá er engin samantekt efnisins í íslenski þýðingu. Það er nánast móðgun, að þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir um þetta atriði komi opinbert listasafn, fjármagnað af almannafé, ekki á móts við eigendur sína með merkingum sýninga og fræðsluefni um þær á þeirra móðurmáli. Líkast til þarf að hamra á þessu atriði með þrautseigju Kató gamla í rómversku öldungadeildinni þar til varanlegur árangur næst.

Þessi kvörtun dregur þó ekki úr gildi sýningarinnar og beinist að umgjörð hennar en ekki innihaldi; það er ferskt, ríkulegt og vel þess virði að heimsækja oftar en einu sinni.

Yfirlitssýningin á verkum Geoffrey Hendricks, „Dagur að nóttu“, sem nú fyllir vesturhluta Kjarvalsstaða, stendur til sunnudagsins 13. febrúar, og er rétt að hvetja listunnendur til að láta hana ekki fram hjá sér fara.

VIÐSKIPTALAUSN SEM HENTAR ÞÉR



ÞÚ MÁTT BÓKA RÉTTA NIÐURSTÖÐU MEÐ AMBRA OG OPUS ALLT

Nýherji og Íslensk forritapróun bjóða nú viðskiptalausn sem hentar vel fyrir litlar rekstrareiningar sem eru að hefja rekstur. Einnig er sú lausn sem boðin er hentug fyrir þá sem hyggjast endurnýja tölvu og hugbúnað. Lausnin er fólgin í Ambra sprinta 486 / 33 SX tölvu með 4 MB minni og 240 MB disk og Star LC24-20, 24 nála prentara. Ambra tölvunni fylgir OpusAllt fjárhags-,

viðskiptamanna-, birgða- og sölukerfi frá Íslenski forritapróun hf. OpusAllt er útbreiddasti viðskiptahugbúnaður á Íslandi og er kenndur í langflestum framhaldsskólum landsins. Þessi lausn hentar öllum þeim sem vilja henda reiður á bókhaldi sínu, skrifa út reikninga, A, B, og C gíröseðla, raðgreiðslusamninga, reikna dráttarvexti, halda utan um lagerinn og margt margt fleira.

Farandriddarar bókmenntanna

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

David Lodge: *Lítill heimur. Háskólarómansa. Sverrir Hólmars-son þýddi. Mál og menning 1993.*

Þegar kunnur bókmenntafræðingur skrifar afþreyingarsögu hlýtur það út af fyrir sig að vekja nokkra athygli. Þegar sagan gerist þar að auki í þeim heimi sem höfundurinn þekkir best, veröld bókmenntafræðinga, gagnrýnenda og rithöfundu, dregur það ekki úr eftirvæntingu lesandans.

Í þeim litla heimi sem David Lodge lýsir eru það endalausar ráðstefnur sem persónurnar nærast á. Kennslan og fræðin eru ekki aðalatriði heldur tækifærin sem starfið býður upp á. Frægir höfundar eru farmiðar til að fljúga með breiðpötum um allan heim og gista á veglegum hótelum.

Að þessu leyti eru bókmenntafræðingar vissulega engin undantekning. Heimurinn er sölginn í ráðstefnur og fundi sem flestum leiðist. Að baki fundahaldanna getur þó beðið eftirsóknarverð skemmtum sem fylgir kynnum af nýju fólki og meðal helstu kosta er að aðrir en ráðstefnugesturinn borga, oftast opinberar stofnanir.

Ráðstefnurnar eru orðnar vani sem menn telja sér, en þó einkum öðrum, trú um að skipti máli.

David Lodge fjallar af lítilli virðingu um öll þessi efni í skáldsögu sinni. Háð og kaldhæðni eru vopn hans og duga honum vel. Samtal hjóna, eiginmaðurinn er háskóla- og ráðstefnumaður og ein helsta söguhetja bókarnar, varpar ljósi á þetta:

„...Nú á dögum eru fræðimenn eins og farandriddarar forðum, á flakki um heiminn í leit að ævintýrum og frægð.“

„Og skilja konurnar eftir heima, læstar inni?“

„Ja, margir riddaranna eru kvenkyns núorðið. Það er farið að hleypa konum að hringborðinu.“

Vera má að ýmsir lesendur Davids Lodge eigi erfitt með að fylgja honum eftir á fluginu þegar bókmenntakenningar eru til umræðu og flókin átök og metingur milli fræðimanna.

Hvernig er til dæmis hægt að flytja fyrirlestur um áhrif T.S. Eliots á Shakespeare? Orð eins og strúkturalismi geta virkað fráhrindandi. Allt er það þó bætt upp með frásögnum af hinum mannlegu hlíðum, einkum veikleikum.

Ástir og ástríður skjóta fljótlega upp kollinum í gráma breska háskólaumhverfisins þar sem fyrsta ráðstefnan fer fram. Leit ungs manns að draumadísinni skyggir á fræðimennskuna og verður að umfangsmikilli sögu í sögunni. Þessi saga er hin besta afþreying og afhjúpar margt, helst það hve heimurinn er lítill og oftast fátallegur.

Önnur hlíðstæð saga er líka harm-skopraen, hermír frá tilraun miðaldra manns til að verða ungur í annað sinn. Auðvitað mistekst sú tilraun. Allt endar þó ekki illa í Litlum heimi.

David Lodge er lagið að afklæða kollega sína af báðum kynjum og byggir eflaust á reynslu. Sum ádeila bókarnar leiðir hugann að staðreyndum bókmenntalífisins, stöðum áhrifamanna í bókmenntaheiminum, dyntum sem geta í vissum tilvikum mótað gagnrýnina. Ekki síst verða háskólarnir fyrir banvænum skeytum.

Þrátt fyrir þetta er *Lítill heimur* fyrst og fremst skemmtun og sér í lagi fyrir bókmenntamann. Margar og oft lauslegar persónur, tilviljanir og óvænt atvik eru meðal þess sem einkennir rómönsur.

Þáttur Sverris Hólmarssonar er ekki minnstur hvað það varðar að hafa ánægju af lestrinum. Þýðing hans er einkar læsileg; vandasöm hlýtur hún að hafa verið.

Ofangreind lausn er aðeins eitt dæmi um þær fjölmörgu lausnir sem til greina koma.

Tilboðsverð með VSK kr:

239.700

Venjulegt verð: kr. 286.125

Þú sparar kr. 46.425

Tilboðsverð gildir til 1. apríl 1994

Íslensk forritapróun hf.

ENGLATEIG 3 · 105 · REYKJAVÍK · Sími: 67 15 11 · Fax: 67 87 26

Sé varan keypt með staðgreiðslusamningi Glitnis nýtur þú staðgreiðsluafsláttar og getur jafnað greiðslu á allt að 24 mánuði.



NÝHERJI

SKAFTAHLÍÐ 24 · Sími 69 77 00

Allt af skrefi á undan